

VoWiFi

04.04.2025

VoWiFi eða Voice over WiFi leyfir notendum að hringja símtöl í gegnumþráðlaust net (WiFi) í stað farsímasambands (4G/5G). Þetta kemur sér vel þar sem farsímasamband er slæmt. Þetta eykur því öryggi og möguleika á að hringja símtöl þar sem áður var slakt samband. VoWiFi er frábær viðbót við núverandi dreifikerfi!



Helstu kostir VoWiFi

- Símtöl virka betur innandyra þar sem farsímasamband er slakt
- Hægt að hringja erlendis frá í gegnum WiFi eins og þú værir á Íslandi
- Notar ekki farsímanet sem sparar gagnamagn

Styður síminn minn VoWiFi?

Allir viðskiptavinir Símans með VoLTE geta virkjað VoWiFi ef símtækið styður það. Flest nýrri tæki styðja VoWiFi nema Samsung að svo stöddu (væntanlegt um mitt ár 2025). Það þarf að virkja VoWiFi handvirkt í símtækjum.

Til að virkja VoWiFi í Iphone

- Farðu í Setting > Apps > Phone
- Kveiktu á „WiFi Calling“

Til að virkja VoWiFi í Android

- Farðu í Settings > Connections
- Kveiktu á „WiFi Calling“



Finnur þú ekki rétta stillingu?

Nöfn stillinga í Android tækjum geta verið mismunandi eftir framleiðendum, en þau ættu að vera svipuð.

Hvað kostar VoWiFi?

VoWiFi er rúkað eins og hefðbundin símtöl samkvæmt [verðskrá](#) Símans. Ef þú ert með farsímaáskrift með endalausum mínútum þá greiðir þú ekkert aukalega fyrir símtöl í gegnum VoWiFi.

VoWiFi erlendis

Þegar þú ferðast utan EES getur VoWiFi hjálpað þér að spara í símtalskostnaði, því VoWiFi símtöl eru rúkuð eins og hefðbundin símtöl frá Íslandi samkvæmt [verðskrá](#) Símans.

